

ORF Líftækni hf
b/t Jón Már Björnsson
Víkurbvarfi 7
203 Kópavogur

Reykjavík, 30. apríl 2021
UST202101-408/R.K.
11.18.02

Efni: Ákvörðun um útgáfu leyfis ORF Líftækni hf. til sleppingar erfðabreyttra plantna í öðrum tilgangi en til markaðssetningar

Umhverfisstofnun vísar í umsókn ORF Líftækni hf. dagsett 28. janúar 2021, fyrir útiræktun á erfðabreyttum byggplöntum á ræktunarreit í Gunnarsholti, Rangárþingi ytra.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu leyfis til 1. nóvember 2027 þar af er ræktun heimil í fimm ár, til ársins 2025, en ræktunarsvæðið skal hvílt og vaktað í tvö ár eftir að ræktun líkur. Leyfið er gefið út á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996 og reglugerðar nr. 728/2011 um sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Undirritað leyfi er hjálagt og verður auglýst á vefsíðu stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 29. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur sæta ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfis, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina skv. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sviðsstjóri